



34. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

Haldinn föstudaginn 28. september 2018, kl. 13:00-15:00
í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu

Fundartími: Föstudagurinn 28. september 2018, kl. 13:00 – 15:00

Fundarstaður: Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu

Fundarmenn Vísinda- og tækniráðs: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra (stýrði fundi), Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, Ragnheiður Magnúsdóttir, Ari Kristinn Jónsson, Ásdís Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (varamaður Jóns Atla Benediktssonar), Karl Andersen, Sveinn Margeirsson, Steinunn Gestsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Róbert Farestveit, Eyrún Valsdóttir, Gunnar Haraldsson, Ingvar Kristinsson (varamaður Guðna Axelssonar) Tinna Laufey Ásgeirsdóttir (varamaður Helgu Zoëga) Áslaug Einarsdóttir (velferðarráðuneyti í forföllum heilbrigðisráðherra).

Að auki sátu fundinn: Berglind Hallgrímsdóttir (ritaði fundargerð), Ásta Magnúsdóttir, Hellen Gunnarsdóttir og Steinunn Halldórsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti) Sigrún Ólafsdóttir og Ágúst Geir Ágústsson (forsætisráðuneyti), Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti), Herdís Schopka (umhverfis- og auðlindaráðuneyti). Gestir fundarins voru Kolbeinn Stefánsson (félagsfræðingur, Hagstofu Íslands) og Margrét Dóra Ragnarsdóttir (stafrænn hönnunarstjóri).

1. Setning fundar – drög að dagskrá, fundargerð samþykkt.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti fundinn og lagði fram drög að dagskrá. Hún var samþykkt. Fundargerð 33. fundar var samþykkt.

2. Inngangsorð formanns

Forsætisráðherra fór yfir fundartíma framundan, en næsti fundur í Vísinda- og tækniráði er fyrirhugaður 23. nóvember n.k. Leitað er að betri staðsetningu fyrir ráðsfundi og mun næsti fundur líklega verða haldinn í Safnahúsinu eða Norræna húsinu.

Forsætisráðherra lagði til að formanni framtíðarnendar, Smára McCarthy verði framvegis boðið að sitja fundi vísinda- og tækniráðs. Óskað hefur verið eftir tilnefningum í nýtt Vísinda- og tækniráð sem skipað verður frá og með áramótum. Núverandi Vísinda- og tækniráð á aðeins eftir að funda einu sinni. Lengi hefur staðið til að endurskoða lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs en farið verður yfir verkefnisáætlun um málið síðar á fundinum. Tillögur verkefnishóps eiga að vera tilbúnar fyrir sumarið 2019.

3. Samfélagslegar áskoranir

Forsætisráðherra kynnti stöðu vinnu við skilgreiningu samfélagslegra áskorana fyrir Ísland. Vinnuhópur skipaður fulltrúum ráðsins vinnur að verkefninu, en leitað hefur samráðs við almenning á sérstakri samráðsgátt á vef ráðsins. Steinunn Gestsdóttir kynnti framgang vinnunnar og lagði fram minnisblað.

Aðgerð 1 í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2017 – 2019 fjallar um samfélagslegar áskoranir. Þar er lagt til að samfélagslegar áskoranir séu skilgreindar í samráði við fjóra skilgreinda hópa, þ.e. almenning, atvinnulíf, stjórnmalaflokka á alþingi og vísinda- og nýsköpunarsamfélagið. Við undirbúning verkefnisins var skoðað hvernig nágrannalönd hafa staðið að sambærilegum verkefnum. Litið var til „The Sciencewise Programme“ í Bretlandi þar sem leitað var eftir samráði í gegn um rafræn pallborð þar sem þátttakendur eru valdir að teknu tilliti til lýðfræðilegra þátta. Þá var einnig litið til þess hvernig hollenska rannsóknarráðið (NWO) átti opið samráð við almenning. Fyrirtækið Maskína gerði könnun á afstöðu almennings í gegn um rafrænt pallborð. Fjörtíu þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðaskrá, en aðeins 14 samþykktu þátttöku. Á umræðupallborðinu voru bæði nefndar áskoranir sem snerta alla heimsbyggðina og áskoranir í nærumhverfi. Meðal þeirra málaflokka sem voru ofarlega á baugi eru loftslagsmál, heilbrigðiskerfi, húsnæðismál og aðgengi að menntun. Þessum hluta verkefnisins er lokið en opin netkönnun verður í gangi til 7. október. Almennitur verður hvattur til þátttöku með auglýsingum og dreifingu á samfélagsmiðlum m.a. í tengslum við Vísindavöku Rannís. Könnunin verður einnig send á hagsmunaaðila.

Síðari hluti verkefnisins mun felast í því að vísinda- og tækninefndir vinni úr niðurstöðum og hafi samráð við vísindasamfélagið og aðra hluta atvinnulífsins um skilgreiningu brýnustu samfélaglegu áskorana. Markmiðið er að skilgreina 5 -10 þverfagleg áherslusvið sem lögð verða fyrir Vísinda- og tækniráð um miðjan nóvember. Verkefni nefndanna verður ekki aðeins að skilgreina áskoranirnar sjálfar, heldur einnig að fjalla um hvernig hægt sé að mæta þeim. Í kjölfarið útfærir Vísinda- og tækniráð með hvaða hætti megi stuðla að rannsóknum í tengslum við fyrirliggjandi áherslusvið. Sérstaklega verði hugað að markáætlun og innviðasjóði.

Lilja Alfreðsdóttir spurði hvor breidd hefði verið í úrtakshópnum sem tók þátt í rafrænu pallborði um samfélagslegar áskoranir. Steinunn Gestsdóttir svaraði því til að hópurinn hafi verið nokkuð breiður.

Forsætisráðherra þakkaði fyrir kynninguna.

4. Skýrsla sérfræðingahóps um mannafla og færnisþár á vinnumarkaði

Róbert Farestveit kynnti skýrslu sérfræðihóps um færniþörf á vinnumarkaði. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun, Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Hópurinn hefur skilað tillögum til velferðarráðuneytis um hvernig best megi spá fyrir um færniþörf á íslenskum vinnumarkaði. Gerðar eru tillögur um hvernig best má vinna langtímaspá um efnahagslífið eftir atvinnugreinum, starfasamsetningu, greiningu á vinnuafli og endurnýjunarþörf á vinnumarkaði.

Sérfræðihópurinn leitaði fyrirmynda að sambærilegum greiningum í nágrannalöndum, m.a. í Finnlandi og á Írlandi. Greiningarvinna af þessu tagi er ferli sem þarf að vinna og þróa til lengri tíma. Meðal þeirra þátta sem Finnar skoða í mannafla- og færnisþám eru frávik frá settum markmiðum og stefnu um þróun alþjóðageirans þar í landi. Fjölmargar aðrar breytur koma til skoðunar sem varða bæði atvinnulíf, menntakerfi, brottfall frá námi, starfsþróun- og endurmenntun, samsetningu vinnumarkaðar, byggðamál o.fl.

Greiningarvinna og upplýsingaöflun um færniþörf á vinnumarkaði hefur langtíma- og skammtímamarkmið. Til lengri tíma nýtast upplýsingarnar til stefnumótunar stjórnvalda og við

ákvarðanatölu einstaklinga um val á námi. Til skamms tíma nýtast upplýsingarnar til vinnumarkaðsúræða s.s. til að draga úr neikvæðum áhrifum kerfisbundins atvinnuleysis. Lagt er til að slíkar aðgerðir verði á höndum Vinnuálastofnunar.

Mikilvægt er að samtal eigi sér stað um niðurstöður greiningarvinnu og mótuð verði hæfnistefna. Lagt er til að efnt verði til umræðuvettvangs um hæfni á vinnumarkaði. Viðfangsefnið gæti einnig átt erindi inn á borð framtíðarnendar.

Forsætisráðherra opnaði umræður um tillögur sérfræðihópsins og spurði um á hvaða vettvangi stefnumótun til framtíðar ætti að eiga sér stað. Hún benti á að Vísinda- og tækniráð ætti þar lykilhlutverk. Róbert Farestveit tók undir ábendingu ráðherra og benti jafnframt á tillögu um svokallað „landsfærniaráð“ eða National Skills Council að írskri fyrirmynd sem nær til annarra sviða en háskólamenntunar.

Ragnheiður Magnúsdóttir sagði frá því að málið hefði verið rætt á síðasta fundi vísinda- og tækninefnda þar sem samþykkt var að vinna sérfræðihópsins yrði nýtt við gerð nýrrar stefnu Vísinda- og tækniráðs á næsta ári. Jafnframt að tillögur hópsins yrðu hafðar til hlíðsjónar við vinnu við nýsköpunarstefnu sem nú er hafin. Áframhaldandi vinna við greiningu á mannafla- og hæfnipörf verður að halda áfram til lengri tíma og hluti þeirrar vinnu er að móta framtíðarsýn til margra ára.

Forsætisráðherra spurði hvernig gengið hefði að spá fyrir um hæfni.

Róbert Farestveit telur að niðurstöður greininga hafi reynst mikilvægar. Ekki er hægt að spá fyrir um störf sem ekki eru til í dag, en hægt er að spá fyrir um ákveðna framtíðarþróun eða „trend“. Spár hefðu getað nýst vel ef þær hefðu verið unnar á Íslandi fyrir 10 árum.

Forsætisráðherra telur mikilvægt að menntun sé almennt góð svo allir geti nýtt sér tækifæri sem skapast, en að gott sé að vinna þessa vinnu.

Ragnhildur Helgadóttir nefndi að þessi umræða hefði átt sér stað á vettvangi vísinda- og tækninefnda. Tilgangur greininga sé að safna upplýsingum til að vita sem mest um líklega þróun á vinnumarkaði.

Lilja Alfredsdóttir hrósaði skýrslunni, en telur vanta áherslu á menntun og spurði hvernig aðrar þjóðir, svo sem Svíþjóð og Írland hafi nýtt færnispar í þágu ákveðinna starfsstétta eins og t.d. kennara þar sem þegar hefur verið ráðist í aðgerðir. Markmið þurfa líka að vera skýr um hvar við viljum vera og hvert við viljum stefna. Það þarf ákveðinn fókus á atvinnugreinar, upplýsingar um hvar mannafla skortir liggja ekki fyrir nema um hluta atvinnugreina.

Sveinn Margeirsson telur greiningarvinnu af þessu tagi mikilvæga, en samtalið á grunni vinnunnar ekki síður. Þar eru tvær stærðir sem skipta máli; Í fyrsta lagi samfélagslegar áskoranir. Við þurfum að mennta fólk sem getur mætt þörfum sem skapast vegna samfélagslegra áskorana. Í öðru lagi þarf að setja færnispar í samhengi við stærri markmið s.s. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sveinn tók dæmi af landbúnaði þar sem bæði er mannafla- og þekkingarþörf, en innviði vantar. Ef til væri raunveruleg áætlun á sviði landbúnaðar sem byggði á nýsköpun gætum við brugðist betur við og gert betri áætlanir.

Ásdís Jónsdóttir ræddi hugtökin störf og færni. Umræðan fer mikið í að tala um ákveðin störf, en við verðum líka að tala þvert á greinar og skilja þörf framtíðarinnar fyrir ákveðinn sveigjanleika. Áherslur eru í fjármálaáætlun á gæði háskólakennslu og rannsókna. Þar skiptir kennsluþróun og nýsköpun í kennslu miklu máli. Færni er einn af mögum þáttum við þá stefnumótun, ekki má verða of mikill fókus á ákveðnar greinar.

Ari Kristinn Jónsson þakkaði fyrir góða vinnu að baki skýrslunni og benti á að skýrslan sé tillaga um það sem við ætlum að gera; hún gefur ekki upplýsingar. Þetta eru upplýsingar sem okkur sárvantar alveg óháð því hvernig við ætlum að nýta þær. Áhugavert væri að sjá þessar upplýsingar settar fram í fjöldatölum en

ekki í hlutfallatölum. Íslenskur vinnumarkaður er lítill og gruna má að skortur sé fyrirsjáanlegur á ákveðnum sviðum atvinnulífs.

Eyjólfur Guðmundsson gerði menntun að umtalsefni og erfitt væri að spá fyrir um hvar menntun nýttist best. Við þurfum að vita hvert við erum að fara og hvar við viljum vera. Umræða um hvar á að taka slíkar ákvarðanir er áhugaverð.

Forsætisráðherra þakkaði fyrir góða umræðu og bað Róbert Farestveit að bregðast við henni. Róbert benti að að verið væri að horfa á sviðsmyndir frekar en spár. Það sem er undir yfirborðinu í vinnunni sem skiptir kannski mestu máli. Írur settu mikið fé í að fjárfesta í ákveðinni menntun en það fjölgaði ekki í tengdri atvinnugrein vegna þess að hún er láglaunagrein. Þannig fór mikið fé til lítils. Ísland getur ekki verið eitt af fáum ríkjum í Evrópu sem ekki vinnur þessa vinnu og byggir ekki ákvarðanatöku á upplýsingum og vinnu af þessu tagi.

Forsætisráðherra benti á að ákveða þurfi hvernig unnið verði áfram að framgangi verkefnisins. Menntamála- og atvinnuvegaráðuneyti munu leiða þá vinnu en tillaga um framkvæmd verður lögð fram á næsta ráðsfundi.

5. Kveikjur

Forsætisráðherra bauð Kolbein Stefánsson dr. í félagsfræði velkominn. Kolbeinn flutti fyrri kveikju fundarins sem bar titilinn „Hvað vitum við um íslenskan vinnumarkað?“

Í máli Kolbeins kom fram að rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði eru brotakenndar. Við vitum lítið, en það sem við vitum er áhugavert. Íslenskur vinnumarkaður er um margt óvenjulegur. Heimilið leggur fram mikinn vinnutíma. Önnur lönd vilja auka atvinnuþátttöku, en atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil. Námsmenn á Íslandi vinna mjög mikið, 15 ára einstaklingur getur vænst þess að vera 47 ár á vinnumarkaði. Hlutfall Íslendinga sem vinna stundum á kvöldin er hærra en í öðrum löndum og tilhneiging til að vinna heima hjá sér er mikil á Íslandi. Hlutfall starfandi einstaklinga sem óttast atvinnumissi er mjög lítið á Íslandi eða 13%. Margt bendir til þess að íslenskir atvinnurekendur skapi gott atvinnuumhverfi og að íslenskur vinnumarkaður sé að mörgu leyti það sem önnur ríki stefna að. Þetta hefur þó ekki verið rannsakað sem skyldi.

Vantað hefur heildstæða nálgun við greiningu á íslenskum vinnumarkaði, en þar er frekar um að ræða skort á greiningum en gögnum sem ekki eru nýtt að neinu ráði í rannsóknum á Íslandi. Við höfum upplýsingar um hvað fer „inn“ á íslenskan vinnumarkað og eitthvað um hvað kemur „út,“ en ekkert um hvað liggur á bilinu þar á milli. Að auka þekkingu á íslenskum vinnumarkaði krefst fjármagns. Lykilverkefni sem ráðast þarf í eru;

- Gagnagátt með þar sem safnað er vinnumarkaðstengdum upplýsingum.
- Aukna úrvinnslu úr fyrirliggjandi gögnum.
- Kerfisbundna gagnaöflun á ýmsum lykilþáttum.

Allir þættir greininga eru mjög kynjaðir, niðurstöður eru mjög ólíkar á milli karla og kvenna. Hagstofa Íslands, háskólasamfélagið, hið opinbera og aðilar vinnumarkaðarins hafa mikla hagsmuni tengda vinnumarkaðsupplýsingum.

Forsætisráðherra bauð Margréti Dóru Ragnarsdóttur, stafrænan hönnunarstjóra velkomna. Margrét Dóra flutti síðari kveikju fundarins sem bar titilinn „Verður fjórða iðnbyltingin bylting fyrir konur jafnt sem karla?“

Margrét ræddi inntak „fjórðu iðnbyltingarinnar“. Tækni verður til í samfélagi þar sem það skiptir máli hverjir búa til tæknina, á hverju gervigreind byggir og hvernig tækni breytir störfum. Það er mikill kynjahalli þegar kemur að umræðu og þróun gervigreindar. Þróun tækninnar hefur verið mjög karllæg og tekur ekki mið af þörfum kvenna.

Gervigreind er tölvukerfi sem fer í gegn um mikið magn gagna, greinir mynstur og lærir að draga ályktanir. Það skiptir því máli á hvaða gögnum gervigreindin byggir og þar hallar mjög á minnihlutahópa og konur. Úrvinnsla byggir á því hvernig gögn eru merkt, vélin dregur ályktun þar sem miklar skekkjur koma fram. Ef við byggjum tæknina á skökkum upplýsingum kerfisbundum við skekkjuna. Margrét Dóra fjallaði einnig um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á störf. Bjartsýnisspá leggur áherslu á að vélar muni leysa af hendi einhæf og hættuleg störf og að hægt verði að dreifa þeim verðmætum sem til verða við sjálfvirknivæðingu í því skini að auka lífsgæði og stytta vinnutíma. Hin hliðin á þessari spá er að til verði tvönn konar störf; hálaunastörf við tækni og lágláunastörf, sem einkum verða kvennastörf. Íhugunarefni er hvort tími sé til að endurskilgreina umönnunarstörf og virði þeirra; geta þau orðið verðmætustu störfin og vel launuð í samræmi við það?

Forsætisráðherra þakkaði gestum fyrir kveikjur fundarins, opnaði fyrir umræður og benti á að vinnumarkaður dagsins í dag og vinnumarkaður framtíðarinnar feli í sér samfélagslegar áskoranir.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir sagðist vona að spá Margrétar Dóru um sjálfvirkni og umönnunarstörf muni rætast. Mikilvægt er að horfa á gervigreind og sjálfvirkni með kynjagleraugum. Þá spurði Guðbjörg Linda nánar út í orð Kolbeins um að þó aðgengi að gögnum hafi aukist töluvert séu þau vannýtt. Er það kerfisbundinn vandi sem þarf að taka á, eða tengist vandinn því að ekki sé næg vitund um að gögnin séu til eða að mannafla vanti til að vinna þau? Vantar okkur enn samfelldan aðgang að erlendum gagnabönkum sem fjármagnaður er af stjórnvöldum?

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir sagði mikilvægt að fylgja þeirri vinnu vel eftir sem snýr að aðgengi að gögnum. Ábendingar í kveikjum og í kynningu um spár um færniþörf á vinnumarkaði snúa að aðgerðum 9 og 10 í stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, en þær aðgerðir fjalla um uppbyggingu rannsóknarinnviða og opið aðgengi að gögnum. Tinna telur mikilvægt að halda þessum atriðum til haga og vonar að þau verði til umræðu á fundum undirnefnda ráðsins á næstu misserum.

Svana Helen Björnsdóttir kom inn á málefni vinnumarkaðar og atvinnuþátttöku. Í kynningu Kolbeins komu fram upplýsingar um mikla atvinnuþátttöku fólks á Íslandi. Atvinnuumhverfi á Íslandi er sveigjanlegt og mikill skilningur á því að fólk skreppi úr vinnu til að sinna börnum og þeim sem eldri eru. Það er ekki skilningur á slíkum þörfum víða erlendis. Þetta getur skýrt a.m.k. að hluta hve vinnutími fólks á Íslandi mælist langur. Við vinnum oft upp skrepp á vinnutíma um kvöld og helgar. Við vitum að við vinnum mikið, en spurning er um hvernig er mælt. Svana lagði einnig áherslu endur- og símenntun. Við þurfum að hafa innra skipulag og innviði sem gerir okkur mögulegt að læra áfram og til viðbótar við það sem við höfum áður lært. Þá er einnig mikilvægt að huga að kynjamun. Rannsóknir sýna að hamingja kvenna minnkar þegar þær ganga í hjónaband og eignast börn, sem bendir til að ábyrgð kvenna á fjölskyldu valdi mikilli streitu í þeirra lífi. Á meðan lífaldur kvenna stendur nánast í stað hefur lífaldur karla lengst töluvert síðustu ár. Það þarf að laga innviði samfélagsins til að mæta og jafna þessu álagi.

Lilja Alfredsdóttir þakkaði fyrir góð erindi og spurði um „orðróm“ um að tölur um framleiðni á Íslandi hafi verið rangar um nokkurn tíma. Lilja óskaði eftir að ljósi yrði varpað á þessar tölur.

Ari Kristinn Jónsson benti á að fjórða iðnbylting muni eiga sér stað, og marklaust sé að vera með eða á móti þeirri þróun. Við blasa bæði tækifæri og ógnanir út frá þeim breytingum sem muni verða. Við þurfum því að byrja að undirbúa og hugsa um þessar breytingar og vera viðbúin. Annars vegar eru raunverulega gríðarleg tækifæri til að búa til vinnumarkað með færni til framtíðar. Við getum verið þátttakendur í að skapa verðmæti og nýja tækni. Hins vegar séu líka gríðarleg tækifæri til að skapa

samfélag eins og við viljum hafa það. Störf sem eftir verða hjá mannfólki verða skapandi störf og störf sem krefjast umhyggju og mannlegra samskipta.

Steinunn Gestsdóttir vildi taka upp atriði sem tengist flestu sem áður hefur verið rætt, þ.e. hlutverk menntakerfisins og að það sé sveigjanlegt. Umræður um þetta komu upp í hóp sem er að hefja mótun nýsköpunarstefnu. Auka þarf þverfræðilegt framboð sem er grunnur að því að skapa sveigjanleika. Endur- og símenntun eru orðin algjör lykill að því ásamt því að það séu til margar leiðir í gegn um menntakerfið og að kerfið sé heildstætt. Ef við náum tökum á þessu náum við tökum á mörgum þeim vandamálum sem hafa verið til umfjöllunar.

Ragnheiður Magnúsdóttir þakkaðir fyrir kveikjur og benti á kannanir World Economic Forum sem gerðar eru á fimm ára fresti. Tvennt er mjög áberandi á þessu árabili; mikilvægi sköpunar er hástökkværi lista sem mælir samkeppnishæfni og tilfinningagreind kemur ný inn á listann. Þættir eins og geta til að leysa flókin verkefni og samvinna eru áfram mikilvægir. Við þurfum að gera miklu betur og meira þarna. Í miklum breytingum sem framundan eru verður endurmenntun sífellt stærra þáttur í lífinu og ábyrgð vinnuveitenda þar er gríðarleg.

Ragnhildur Helgadóttir bendir á að Íslendingar séu ekki snemma á ferð í þessari umræðu, þar séu önnur lönd mun lengra komin í mótun sviðsmynda. Við þurfum því að hugsa hratt.

Sveinn Margeirsson telur umræðuna mikilvæga. Hluti stefnumótunar er að skoða mismunandi hópa og aðgengi þeirra, og í því sambandi vert að benda á að 75% nýinnritaðra háskólanema eru konur. Það þarf að taka kynjavinkilinn í því kerfi til alvarlegrar skoðunar. Þá er mest fjölgun öryrkja í hópi ungra karlmannna, en það mun skapa samfélagslegar áskoranir ef þróunin breytist ekki.

Forsætisráðherra þakkaði fyrir góða umræðu og gaf gestum fundarins tækifæri til svara.

Kolbeinn Stefánsson svaraði fyrirspurn um framlegðarmælingar. Mælingarnar voru réttar miðað við þau gögn og tölur sem tiltæk voru á þeim tíma þegar þær voru unnar, en við höfum nú betri gögn og betri aðferðafræði. Framleiðni á vinnustund á Íslandi er með ágætum miðað við mælingar Hagstofunnar.

Kolbeinn benti á að í umræðu um endur- og símenntum mætti bæta við möguleikum til þróunar í starfi. Hann svaraði fyrirspurn Guðbjargar Lindu um aðgengi og úrvinnslu ganga á þá leið að það þurfi meira mannafl til að vinna betur úr gögnum. Stór hluti fjármagns til málaflokksins renna í að fjármagna aðgang að gagnasöfnum frekar en að vinna úr gögnum.

Margrét Dóra Ragnarsdóttir benti á að hennar Kveikja hafi verið tekin út frá kynjavinkli, en að ábendingar gildi einnig um aðra þjóðfélagshópa. Við þurfum að hugsa um aðra hópa sem eiga sé ekki fulltrúa í þróunarteymum. Hún bætti því við að sjálfvirknivæðing sé að eiga sé stað út um allt núna, við erum að læra hvað er viðeigandi að sjálfvirknivæða og hvað á ekki endilega við. Mikil sjálfvirknivæðing er framundan á mörgum sviðum en á sumum sviðum á pendúllinn jafnvel eftir að færast til baka. Það er verið að taka út hlutverk og færa þau yfir á netið, en ýmsir þættir sem eru skilgreindir „út fyrir sviga“ tapast, t.d. ákveðin tengsl og traust við fyrirtæki.

6. Endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs

Forsætisráðherra lagi fram verkefnisáætlun um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. Til stendur að vinna á skýrslu sem mun liggja til grundvallar mögulegum lagabreytingum. Í verkefnishóp um verða tveir fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og tveir fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Leitað hefur verið til Guðrúnar Nordal forstöðumanns Árnastofnunar og fv. formanns vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs til að leiða vinnuna.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

8. Fundi slitið

Fundi var slitið kl. 14:39

Næsti fundur er settur þann 23. nóvember n.k. á nýjum fundarstað sem tilgreindur verður síðar.